



MIKILVÆGAR ÖRYGGISUPPLÝSINGAR

MENTOR® brjóstapúðar eru notaðir vegna brjóstastækkunar á konum sem náð hafa 18 ára aldri, eða í uppbyggingu á brjóstum. Brjóstastækkun skal ekki vera gerð á konum með sýkingu í líkamanum, konum með krabbamein eða krabbameinsfrumur í brjóstum, konum sem hafa fengið meðferð við slíkum sjúkdómum eða konum sem eru ófrískar eða með barn á brjósti.

Brjóstastækkun fylgja áhættur. Brjóstapúðar endast ekki alla ævi og brjóstastækkun er ekki endilega aðeins ein aðgerð. Sjúklingar gætu þurft aðrar aðgerðir á brjóstum vegna kvilla eða óviðunandi útlits. Margar þeirra breytinga sem eiga sér stað í brjóstum í kjölfar aðgerðar eru óafturkræfar (ekki hægt að breyta) og brjóstapúðar geta haft áhrif á brjóstagjöf, með því að minnka eða stöðva mjólkurframlæðslu.

Algengustu fylgikvillar MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúða eru enduraðgerð, fjarlæging púða, herping, ójöfn brjóst og verkir í brjóstum. Óalgengir kvillar eru sprungnir púðar, sem er oftast erfitt að bera kennsl á (hvorki þú né þinn læknir geta vitað af sprungu í púða). Áhrif sprunginna sílikon gelpúða á heilsu er ekki þekkt að fullu. Mælt er með ómskoðun, segulómun eða skoðun í brjóstmyndataeki eftir aðgerð til að athuga hvort sprunga hafi orðið á púðunum.

Algengustu fylgikvillar MENTOR® saltvatns púðanna eru enduraðgerð, fjarlæging púða, herping, fellingar, hjöðnun, ójöfn brjóst og verkir í brjóstum.

Sjúklingar eru minntir á að ræða ábendingar, frábendingar, viðvaranir, varúðarráðstafanir og áhættur við sinn lækni og er bent á að skoða mikilvægar öryggisupplýsingar á síðunni www.mentorwllc.eu.

Það er mikilvægt að sjúklingar átti sig á þeim áhættum sem fylgja brjóstaaðgerðum þegar þeir eru að íhuga að fá MENTOR® brjóstapúða.

ÞETTA ER TAKMÖRKUÐ ÁBYRGÐ SEM ER HÁÐ ÞEIM SKILMÁLUM OG SKILYRÐUM SEM SETTAR ERU FRAM Í ÞESSU SKJALI. ALLAR AÐRAR ÁBYRGÐIR, BÆÐI ÞÆR SEM ERU NEFNDAR OG GEFNAR TIL KYNNA, MEÐ LÖGUM EDA ÖÐRUM ÞÁTTUM, ÞAR MEÐ TALID EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ, ÁBYRGÐIR TENGDA SÓLUHÆFNI OG HREYSTI EIGA EKKI VIÐ, AÐ ÞVÍ MARKI SEM LEYFT ER MEÐ LÖGUM Á ÍSLANDI.

MENTOR SKAL EKKI VERA ÁBYRGT FYRIR TILFALLANDI, ÓBEINUM, AFLEIDINGUM EDA SÉRSTÖKU TAPI, TJÓNI EDA KOSTNAÐI SEM FELLUR TIL BEINT EDA ÓBEINT Í KJÖLFAR NOTKUNNAR Á ÞESSUM VÖRUM. AÐ ÞVÍ MARKI SEM LEYFT ER MEÐ LÖGUM BER MENTOR EKKI ÁBYRGÐ Á OG LÆTUR EKKI ANNAN BERA AÐRA EDA AUKA ÁBYRGÐ Í TENGLUM VIÐ ÞESSAR VÖRUR.

MENTOR ÁBYRGIST EKKI NÉ BER ÁBYRGÐ Á MENTOR VÖRUM SEM LÆKNIR HEFUR EKKI FENGIÐ BEINT FRÁ MENTOR (VIÐURKENNDUM UMBODSADILA).

MENTOR Loforðið

Besta alhliða verndaráætlun sem völ er á¹

AÐEINS MEÐ BRJÓSTAPÚÐUM FRÁ MENTOR®

Verndun sem á sér engna hliðstæðu



Mentor tryggir vellíðan þína til framtíðar

Fyrir aðgerðina erum við til staðar til að svara öllum þínum spurningum og það sem er enn mikilvægara er að við erum einnig til **staðar** eftir aðgerðina til að tryggja vellíðan þína til framtíðar

Hvort sem þú hefur ákveðið að vilja líta betur út eða líða betur, getur þú verið örugg í áraradír eftir aðgerðina vegna þess að lækurinn þinn valdi hágæða brjóstapúða.



Mentor hefur verið leiðandi fyrirtæki í heiminum í framleiðslu á hágæða brjóstapúðum í yfir 30 ár. Milljónir kvenna um allan heim hafa valið og treyst Mentor.

Árangur okkar hvað varðar gæði og tækninýjungar gerir okkur kleift að ganga lengra en aðrir framleiðendur og bjóða bestu alhliða verndaráætlun sem völ er á! — MENTORLoforðið.

MENTORLoforðið

Yfirlit yfir Verndaráætlun Mentors



ÓKEYPIS OG SJÁLFVIRK SKRÁNING



ÆVILÖNG ENDURNÝJUN Á SPRUNGNUM PÚÐUM **ÁN KOSTNAÐAR***



FJÁRHAGSLEG AÐSTOÐ VEGNA SPRUNGINNA PÚÐA, ALLT AÐ **€1000[†]**



ÚTSKIPTI Á PÚÐUM **ÁN KOSTNAÐAR** VEGNA HERPINGAR (Baker III/IV), TVÖFÖLDUN HIMNU EÐA EF SERMIGÚLL HEFUR MYNDAST[‡]




ÓKEYPIS PÚÐI ÖÐRUM MEGIN að beiðni læknis

* Ef staðfest sprunga eða hjóðnun (leki) kemur fram í MENTOR® brjóstapúða vegna slits eða aðskilnaðar sem krefst lagfæringar með skurðaðgerð, þá mun MENTOR® útvega nýjan púða án kostnaðar óháð aldri púðans. Nýji púðinn getur verið í hvaða stærð sem er með svipaða lögun og útlit og upprunalegi púðinn.

† Ef skipta þarf um MENTOR® gel púða vegna staðfestrar sprungu í púðanum innan tíu (10) ára frá aðgerð, og staðfesting er til staðar frá Mentor í kjölfar mats og greiningar, mun Mentor greiða fyrir kostnað sjúklings vegna skurðstofu, deyfilyfja og/eda kostnað við skurðaðgerð vegna enduragerðar allt að €1000. Kostnaður við skurðstofu og vegna deyfilyfja skal vera í forgangi. Í slíkum tilvikum verður beiðni fyrir fjárhagsaðstoð samkvæmt verndaráætlun Mentor að vera gerð til þíns lækis. Fjárhagsaðstoð felur ekki í sér lán til þín.

‡ Ef herping (Baker III/IV), tvöföldun himnu/vefs eða sermigúll hefur myndast við aðgerð með Mentor gelpúða mun Mentor útvega nýjan Mentor gelpúða, án kostnaðar séu innan við 10 ár frá aðgerð og ef réttur hefur verið staðfestur af Mentor í kjölfar greiningar á hinum fjarlægða púða og mats á öllum nauðsynlegum gögnum. Mentor mun útvega nýja MENTOR® vöru af hvaða stærð sem er með svipaða lögun og útlit og upprunalegi púðinn.



HEIMildir

1. Byggt á samanburði á ábyrgðum fyrir eftirfarandi brjóstapúða:

Allergan Natrelle: <http://www.natrelle.co.uk/breastenhancement/Pages/warranty.aspx>, EuroSilicone & Nagor: http://nagor.com/pdf/Warranty_PDF_Nagor.pdf, Arion: http://www.laboratoiresarion.com/images/arion/ARION_GUARANTEE_PROGRAM_ANG.pdf, Polytech: http://www.polytechhealth.info/images/pdf/loE_Information_engl_2015-01.pdf, Motiva: <https://motivaimplants.com/product-warranty/>, Sebbin: Garantie des IMPLANTS MAMMAIRES and La garantie premium, Skoðað 20 mars 2017.